

Kæri bæjarstjóri og bæjarráð Garðabæjar

Hjálparsveit skáta Garðabæ óskar eftir endurnýjun á samningi við Garðabæ, en núverandi samningur rennur út núna um áramótin.

Upphæðir í samningnum eru margar hverjar orðnar gamlar og því óskum við eftir endurskoðun á þeim í nýjum samningi auk þess sem einn nýr liður kemur inn. Okkur finnst mikilvægt að Garðabær standi við bakið á sveitinni, með styrkjum auk þátta þar sem sveitin leggur í kostnað og vinnu við aðra liði og upplýst markmið að það sé á sanngjörnu verði.

Er það ósk okkar að nýr samningur með neðangreindum greiðslum verði gerður til næstu þriggja ára, eða út árið 2021:

- 1) Flugeldasýning og geymsla fyrir fluelda, greiðsla kr. 2.000.000,-
- 2) Jólatrjáasöfnun, greiðsla kr. 2.000.000,-
- 3) Menntun og þjálfun félaga, styrkur kr. 6.000.000,-
- 4) Sálrænn stuðningur félaga, styrkur kr. 1.000.000,-

Rökstuðningur:

- 1) Núverandi greiðsla er 1.000.000 og einnig hefur verið greitt 300.000 fyrir sýningu á Álftanesi. Við leggjum til að þessar upphæðir verði sameinaðar í eina greiðslu og verði hækkuð með tilliti til hækkunar vöruverðs, endurnýjunar á skotbúnaði á þessu ári og markmið með flottari sýningu á 50 ára afmælisári sveitarinnar á næsta ári.
- 2) Greiðsla fyrir söfnun jólatrjáa hefur verið óbreytt frá árinu 2012, þrátt fyrir að bærinn hafi stækkað mikið og er íbúafjöldi enn að aukast. Tölur sýna fram á allt að 27% aukningu og þá tókum við varlega áætlaða vísitöluhækkun í greiðsluna
- 3) Þegar menntunarstyrkurinn kom til, óskuðum við eftir 6.000.000 krónum í styrk, þar sem það endurspeglar að miklu leiti þann kostnað sem fylgir því að mennta og þjálfar fólk til að vera björgunarsveitarmenn í fremsta flokki. Þá fengum við eina milljón og hækkuð í tvær árið 2016. Þessi kostnaður hefur hækkað, en okkur langar að halda okkur upphaflegu beiðnina. Þess má geta að á þessum tíma vorum við fyrsta björgunarsveitin sem fékk styrk frá sínu bæjarfélagi, án vinnuframlags á móti og vakti það miklu ánægju félaga í sveitinni og eftir því var tekið hjá björgunarsveitum víða um land. Við hefðum gjarnað viljað auka þennan lið hraðar en úr varð, þessvegna förum við í upphaflegu beiðnina aftur.
- 4) Okkur er mikið í mun að hlú vel að fólkinu okkar og eftir að hafa áttað okkur á því að fólk heltist úr starfi eftir erfiðar uppákomur, var farið í að byggja upp teymi innan sveitarinnar sem tekur svokallaða fyrstu viðrun hjá þeim sem lenda í erfiðum aðstæðum í starfi sveitarinnar. Í framhaldi var samið við sálfræðistofu um að okkar félagar mega leita þangað á kostnað sveitarinnar, þurfi þeir að leita sér frekari sérfræðipækkingar eftir þesskonar atburði. Enn og aftur, vorum við fyrsta björgunarsveitin sem fór í þesskonar og hafa fjölmargar sveitir leitað ráðgjafar hjá okkur um þetta ferli og þónokkrar tekið upp svipað hjá sér, auk þess sem móðurfélag okkar Slysavarnarfélagið Landsbjörg er að skoða þennan möguleika fyrir minni björgunarsveitir á landsbyggðinni. Markvisst frá 2008 höfum við lagt áherslu á fólkið okkar, því þar liggur okkar auður sem skapar okkar björgunarsveit sess meðal allra bestu björgunarsveita á Íslandi. Tæki og búnaður er lítils virði ef fólkið okkar er ekki í lagi.